LANDSNET

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

8.febrúar 2022
2020-06-59

Efni: Staða umhverfismats Lyklafellslínu

Þann 18. Janúar 2022 kynnti Landsnet stöðu undirbúningsvinnu vegna umhverfismats fyrir Lyklafellslínu 1 og Ísallínu 3 á fundi með nokkrum embættismönnum Kópavogsbæjar . Þar var m.a. farið yfir nýjan möguleika á útfærslu raflínumannvirkja næst höfuðborgarsvæðinu, sem lítur út fyrir að geta samræmst þróun íbúabyggðar höfðuðborgarsvæðisins til næstu áratuga og á sama tíma slegið á frest framkvæmdum við nýja línulögn. Eins og fram kom á fundinum hefur þessi nýja útfærsla verkefnisins þróast samhliða vinnu við umhverfismat framkvæmdanna.

Upphaflegt markmið miðaðist við að færa raflínumannvirki fjær byggð, sem myndi þýða niðurrif Hamraneslína og Ísallína og í stað þeirra yrðu byggðar nýjar línur, sem tækju mið af byggðaþróun. Í stað Hamraneslína 1 og 2 kæmi Lyklafellslína 1. Í matsáætlun verkefnisins var lagt upp með að skoða tvo valkosti. Annars vegar að byggja nýja 24 km loftlínu frá nýju tengivirki við Lyklafell meðfram Búrfellslínu 3b ofan Húsfells og Helgafells, áleiðis í Hafnarfjörð. Hins vegar að leggja línuna sem 34 km jarðstreng meðfram Bláfjallavegi.

Þegar tillaga að matsáætlun var auglýst komu fram óskir um að metinn yrði valkostur utan vatnsverndarsvæða. Því ákvað Landsnet að bæta valkosti við í umhverfismatinu, sem felst í jarðstrengslögn frá Hrauntungum, um Hamranes á Völlum í Hafnarfirði og þaðan gegnum þéttbýlið samhliða Arnarnesvegi og Breiðholtsbraut að tengivirki Landsnets á Geithálsi. Þaðan yrði haldið áfram sem loftlína um Hólmsheiði áfram að Lyklafelli, en alls yrði öll leiðin ríflega 30 km. Við frekari greiningu á um 30 km löngum valkosti sem færi að stórum hluta um þéttbýlt svæði, kom í ljós að um er að ræða mjög flókna og kostnaðarsama framkvæmd.
Á sama tíma og þessi greining lá fyrir fengust niðurstöður úr rannsóknum á náttúruvá á svæðinu. Þær benda til þess að kerfisleg áhætta geti verið á því að reka nýja línu loftlínu samhliða Búrfellslínu 3b eða jarðstreng með Bláfjallavegi. Að auki liggja nú fyrir frumniðurstöður ástandsskoðunar á Hamraneslínum, sem gefur til kynna að þær eru í betra ásigkomulagi en aldur þeirra segir til um og að línurnar geti staðið í um 30-40 ár í viðbót með eðlilegu viðhaldi.

Í ljósi framangreinds hefur því mótast ný útfærsla á möguleikum til að ná fram að hluta markmiðum verkefnisins, eins og Landsnet kynnti á fundi með Kópavogi þann 18. janúar s.l. Sá kostur felur í sér niðurrif mastra Hamraneslína 1 og 2 á milli tengivirkisins í Hamranesi að Urriðakotsdal, og lagningu 220 kV jarðstrengja í stað loftlínunnar á þeim kafla sem er um 5 km. Jarðstrengurinn mun liggja frá tengivirki í Hamranesi og tengjast við möstur Hamraneslína 1 & 2 (HN 1&2) í Urriðakotsdal. Þessar framkvæmdir fela ekki í sér niðurrif Hamraneslína 1 & 2 alla leið, líkt og ef um byggingu nýrrar línu (Lyklafellslínu 1) væri að ræða. Þessi nýja útfærsla hefur hlotið vinnuheitið „Núllkostur 2“ og verður metinn sem einn valkostur í umhverfismatinu.

Ljóst er að „núllkostur 2“ uppfyllir ekki meginmarkmið verkefnisins en engu að síður telur Landsnet, miðað við stöðu og gögn málsins nú, að valkosturinn hafi margvíslegan ávinning og með fyrirvara um endanlega niðurstöðu umhverfismatsins, geti hann mögulega orðið aðalvalkostur Landsnets þegar umhverfismatsskýrslan verður lögð fram.

Þar sem hér er um að ræða mikilvægt samspil á milli framkvæmda við meginflutningskerfi raforku og skipulagsáforma sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu er æskilegt að fá afstöðu sveitarfélaganna til þessa nýja valkostar, „núllkostur 2“. Óskað er eftir því að sú afstaða fáist áður en vinnu við umhverfismatið lýkur nú á vormánuðum og Landsnet tekur endanlega ákvörðun um aðalvalkost.
Tengiliðir verkefnisins eru: Rúnar D. Bjarnason (rb@mannvit.is) hjá Mannviti og Smári Jóhannsson (smari@landsnet.is) hjá Landsneti.

Virðingarfyllst

Smári Jóhannsson.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 13.11 2026